

Marx og Engels, póst-sovéskrar myndlistar, en gætu þó líka

blekibullaranna. Sömu náungarnir og létu valta yfir sýninguna okkar stóðu fyrir þessari jarðtúvinnu.“

**Ljósaskilti á hof Leníns**

Komar og Melamid vildu varðveita söguna. Þeir veltu fyrir sér hvort hægt væri að finna einhverja aðra leið en þá að ýmist tilbiðja eða mölva minnisvarða. Ef til vill gæti sú stétt sem átti hér sök að máli – myndlistarmenn – fundið þeim annað og endingarþetra hlutverk. Árið 1993 efndu þeir til hugmyndasamkeppni um hvað gera ætti við þau ógrýnni opinberra minnisvarða í fyrrum Sovétríkjunum sem glötunar biðna þar eð pólitísk skilaboð þeirra eiga ekki lengur upp á pallborðið.

150 listamenn hvaðanæva að úr heiminum sendu inn tillögur, flestar í skoplegri kantinum. Rússneski innflytjandinn **Vladimir Nekrasov** vildi að öllum áróðursstyttnum af Lenín – standandi Lenín, sitjandi Lenín, niðursokkinn Lenín, þrumandi Lenín – yrði raðað í beina línu er næði frá Stalíngrad, nú Volgograd, út í Finnlandsflóa og þannig „yrði kommúnisminn hrakinn aftur til Vesturlanda þar sem hann á upptök sín“. **Susan Hoetzel** þótti aftur á móti vissara að fjarlægja stytthausana og setja sjónvarpsskjái í þeirra stað sem stilla mætti í samræmi við hina pólitísku vindátt hverju sinni. Sjálfir skrifuðu Komar og Melamid forseta Rússlands, Boris Jeltsín, bréf þar sem þeir lögðu til að grafhýsi Leníns fengi að standa, en því yrði breytt. Glerskrín Leníns yrði flutt um set og hlaupandi ljósaskilti fest á bygginguna er geislaði nafni leiðtogans milli þess sem lesa mætti nýjustu fréttir, veðurhorfur næsta sólarhring, ljóð og jafnvel klausur úr Biblíunni. Hofið fengi þannig á sig vinalegri blá um leið og það vitnaði um „fáfengileikra allra útópía“.


Sjálfir hafa Komar og Melamid sagt: „Málið er að þessi sýning var algjört egóflipp. Jú, það verður að varðveita söguna fyrir næstu kynslóðir og allt það. En þessir minnisvarðar eru okkur ekki bara saga, þeir endurspegla líf okkar. Það eru ekki endilega minnisvarðarnir sem við viljum varðveita, heldur hinn fallegi og yndislegi heimur æskuáranna.“

**Lífið er míri**


Þótt Komar og Melamid hafi verið

orðnir kápítalíse-raðir fram í pensilhá, færðu Bandaríkin þeim heim sanninn um að grasið er ekki grænna hinu megin. Grænkan kemur að innan: „Áður en við komum hingað trúðum við á framfarir en vera okkar í Bandaríkjunum eyðilagði þá tálsýn.“ segir Melamid. „Við lærðum að hlutimur líða í hringi. Sumir sjá lífið fyrir sér sem á en við lítum á það sem míri, eitthvað sem sekkur, rotnar og gýs svo aftur upp – það er lífið. Þessi vestræna hugmynd að allt sé í framför er einfaldlega röng, og það eru vissulega engar framfarir í listum. **Pollock** er ekki betri en **Poussin**.“

Skoðanakönnun Hagvangs, sem framkvæmd var í febrúar 1995, er hluti af alheimsúttekt Komars og Melamids á því hvað almenningur vilji helst sjá í málverki. Fljótt á lítið gætu menn dregið þá ályktun að hér sé einungis um langdregna og rándýra skrytlu að ræða, rétt þökkalega myndna miðað við allt tilstandið. Aðalgildi könnunarinnar felst hins vegar ekki í niðurstöðunni heldur í þeim spurningum sem hún lumar á og lætur áhorfandanum/lesandanum eftir að svara. Er eðlilegt í okkar svokallaða lýðræðisþjóðfélagi að listmiðlun sé stjórnað af þröngum hópi manna? Ef svo er ekki, með hvaða leiðum er hægt að koma á fót jafnari dreifingu á milli valds og vals? Skiptir það listheiminn, þennan lærða og lokaða sem „allt veit betur“, nokkru hvort almenningi líkar við framlag hans – jafnvel þegar hann gerir sér far um að höfða til lýðsins? (Eða nægir meðlimum hans ef til vill að fá um sig „góða gagnrýni“ í réttum blöðum og hagstæðari tilboð á enn tignari stöðum?) Hefur lýðræði óhjákvæmilega í för með sér „gæðarýrnun“? Er



Málverkið sem bandaríska þjóðin vildi helst sjá, meðalstór stofumynd af George Washington, þremur sumarklæddum orlofsþegum og tveimur dádýrum við lognstíllt stöðuvatn.



Málverkið sem Bandaríkjamenn vildu sist sjá, hrjúfir, skræpóttir þríhyrningar í ruglingslegri skipan.

„framúr stefnulistin“ á villigötum? Er hugsanlega víðeigandi að fara fram á fullkominn aðskilnað ríkis og lista? eru lögmál markaðarins, sem tekið hafa af skarið á flestum sviðum þjóðlífsins, hálistinni ekki samboðin?

Listheimurinn kann að flissa með sjálfum sér yfir þessum sniðugheitum félaganna en hafi hann ekki haldþætur svör á reiðum höndum gæti það átt eftir að koma honum óþyrmliga í koll. Hinn raunverulegi brandari er þegar hafinn. Sá hlær best sem...

Greinin er að stofni til ritgerð Hannesar Sigurðssonar listfræðings „Á sögu slóðum Komars og Melamids“. Hún hefur verið nokkuð styt og sumar millifyrirsagnir eru Alpýðublaðsins.

Myndlist fyrir fólkið

Allir þekkja Erró

Komar og Melamid hafa látið gera könnun á myndlistarsmekk í einum tólf löndum og upp úr þeim mála þeir svo eftirsóttasta og sist eftirsóttasta málverk viðkomandi þjóðar. Hér fara á eftir nokkur forvitnileg brot úr Hagvangskönnun sem þeir létu gera fyrir sig í febrúar 1995. Hún náði til eitt þúsund Íslendinga á aldrinum 18 til 67 ára og voru þátttakendur beðnir um að svara alls 49 spurningum. Eftir könnuninni hafa Komar og Melamid svo gert tvö málverk sem verða afhjúpuð á Kjarvalsstöðum á morgun.

**Pegar þú velur málverk, ljósmyndir eða aðrar tegundir listaverka fyrir heimili þitt, hvort finnst þér að þú hallist meira að nútímalegum eða hefðbundnum stíl?**

Nútímalegt	18%	Hvöss horn	19%
Hefðbundið	58	Ávalir bogar	51
Blandað	15	Veltur á ýmsu	23
Gerir ekki upp á milli	6	Ekki viss	7
Ekki viss	3		

**Margir eru hrifnir af málverkum sem hafa ákveðið viðfangsefni, til dæmis dýr. Hvort kysirðu frekar að sjá málverk af villtum dýrum (t.d. ísbjörn, refur, hreindýr) eða húsdýrum (t.d. hestur, kind, hundur)?**

Villt dýr	57%	Að störfum	58%
Húsdýr	19	Í makindum sínum	13
Bæði	10	Uppstíllt	12
Hvorugt	10	Ekki viss	17
Ekki viss	4		

**Geturðu sagt mér hver af eftirtöldum útistöðum höfðar mest til þín?**

Málverk af skógi eða kjarrlendi	11%	Nakið	6%
Málverk af vatni, á eða hafi	21	Léttklætt	25
Málverk af fjöllum, hrauni eða óbyggðum	41	Alklætt	23
Málverk af túnum eða engjum	3	Veltur á ýmsu	43
Málverk af borg	1	Ekki viss	3
Málverk af húsum eða öðrum mannvirkjum	5		
Ekkert af ofantöldu	2		
Skiptir ekki máli	7		
Veltur á ýmsu	8		
Ekki viss	1		

**Hvaða árstíð vildirðu helst sjá í slíku málverki?**

Vetur	8%	0-5 þúsund	4%
Sumar	20	5-15 þúsund	8
Vor	13	5-30 þúsund	13
Haut	44	30-60 þúsund	19
Skiptir ekki máli	9	60-120 þúsund	15
Veltur á ýmsu	5	120-240 þúsund	5
Ekki viss	1	240-500 þúsund	6
		500 þúsund	4
		Ekki viss	26

**Hvort fellur þér betur að geði, málverk sem ýkja raunveruleikann eða málverk sem eru algjörlega abstrakt og hafa ekkert með raunveruleikann að gera?**

Ýkja raunveruleikann	59%	Með	36%
Algjörlega abstrakt	20	Á móti	13
Veltur á ýmsu	16	Afnema	13
Ekki viss	5	Óbreytt	24
		Ekki viss	14

Mig langar núna til að lesa upp nöfnin á nokkrum þekktum listamönnum, bæði lifandi og látnum. Geturðu sagt mér hvort list þessara manna virkar mjög jákvætt á þig, jákvætt, hlutlaust eða neikvætt á þig. Nöfn sumra þessara listamanna eru minna þekkt en önnur, þannig ef þú hefur aldrei heyrt þeirra getið eða vantar meiri upplýsingar um list viðkomandi til að hafa skoðun á henni þá skaltu alveg vera ófeimin(n) við að segja það.

	Mjög jákvætt	Jákvætt	Hlutlaust	Neikvætt	Þekkir ekki
Pablo Picasso	11%	43	18	14	14
Jóhannes Kjarval	25%	54	12	14	4
Salvador Dali	9%	24	19	16	32
Þórarinn B. Þorláksson	3%	12	11	2	72
Svavar Guðnason	5%	17	14	7	57
Rembrandt	15%	35	13	3	34
Louisa Matthíasdóttir	11%	21	11	5	52
Claude Monet	8%	13	9	2	68
Erró	23%	39	14	22	2
Jackson Pollock	1%	4	8	2	85
Georg Guðni	1%	4	9	1	85